

TRYGGVI GÍSLASON

- ÁTTRÆÐUR -



Tryggvi Gíslason fyrrverandi skólameistari Menntaskólans á Akureyri er áttæður í dag. Hann er fæddur í húsi foreldra sinna Bjargi í Neskaupstað 11. júní 1938. Tryggvi er Austfirðingur að ætt og það nokkuð rækilega og hefur alla tíð gengist stoltur við. Á Norðfirði ólst Tryggvi upp til sjö ára aldurs þegar hann fluttist með foreldrum sínum og systkinum norður til Akureyrar. Þar urðu síðan hans höfuðstöðvar,- þar gekk hann í skóla og þar gegndi hann starfi skólameistara við Menntaskólann á Akureyri um rúmlega þriggja áratuga skeið. Tryggvi var nemandi MA frá hausti 1954 til vors 1958. Í skólanum hitti hann fyrir stúlkuna sem átti eftir að verða lífsförunautur hans og móðir sex barna þeirra hjóna. Þáttur Margrétar Eggertsdóttur,- stúlkunnar í lífi Tryggva Gíslasonar, verður ekki rakinn sérstaklega í þessu ágrípi af skólameistaratíð. Það gerist þá sem oft vill verða að stóra sagan er aldrei sögð.

Eftir námið hér fyrir norðan lá leið Tryggva í Háskóla Íslands þar sem hann lagði stund á íslensku og norræn fræði. Meistaraprófi í þeim fræðum lauk hann vorið 1968. Þá um haustið fluttust þau hjón ásamt börnum sínum búferlum til Bergen þar sem þau dvöldu næstu fjögur ár. Við Háskólann í Bergen kenndi Tryggvi norrænu auk þess sem hann stundaði nám í málvísindum. Sumarið 1972 er Tryggvi Gíslason svo skipaður skólameistari við Menntaskólann á Akureyri og þar setur hann skólann í fyrsta sinn laugardaginn 1. október 1972.



Skólameistaratíð Tryggva 1972 til 2003 er tími breytinga. Þó að okkur hætti almennt til að ofmeta eða vanmeta þær breytingar sem við upplifum, má færa fyrir því rök, að aldrei í hinni samfelldu sögu mannkyns hafi breytingar orðið jafn hraðar og miklar sem á þessum áratugum. Þetta á að sjálfsgöngu við Menntaskólann á Akureyri. Viðfangsefnið að vera forn og framsækinn í senn er verdukt og það varð verkefni Tryggva Gíslasonar að stýra fleyinu við þessar aðstæður. Stundum gefur góðan byr, stundum ólgar sjórinn, stundum bíða brimskaflar. Í hópi þeirra starfsmanna MA sem fæddir eru um og upp úr miðri síðustu öld sætir furðu sú tilhugsun að börn þessa fólks skuli flest vera orðin eldri en Tryggvi var þegar hann tók við starfi skólameistara. Í ljósi þess sem gerðist í framhaldinu er freistandi að álykta sem svo að til

þess að takast á við verkefnið sem beið skólameistara MA haustið 1972 hafi ekki dugað neitt minna en ungur ofurhugi. Ekki reynslubolti,- heldur ungur maður með skýran og djarfán hug. Þessu til stuðnings má tilfæra dæmi úr sögu skólans.

Ákveðin þáttaskil verða í samskiptum fólks á Vesturlöndum á síðustu áratugum 20.aldarinnar. Þessar breytingar eiga upphaf sitt og eru iðulega kenndar við árið 1968 þegar stúdentar í París gerðu uppreisn. Gömul gildi voru véfengd og endurmetin. Árin 1968 til 1972 í MA báru þessa merki. Fyrir marga kennara og eflaust einhverja nemendur var ástandið í skólanum þessi ár ástand upplausnar og það eru þessar aðstæður sem mættu Tryggva Gíslasyni þegar hann tók við starfi skólameistara. Hugsanlega hafa það verið hugtökín frelsi og virðing sem mest leitustu á skólameistara í upphafi. Víst er að tíðrætt varð honum um frelsið sem án ábyrgðar verður helsti. Skólabragurinn í MA tók breytingum með hinum nýja skólameistara. Í niðurlagi 2. bindis Sögu Menntaskólans á Akureyri standa þessi orð „Er skemmst frá því að segja að Tryggvi Gíslason hefur reynst réttur maður á réttum stað á réttum tíma. Skólinn hefur, undir hans stjórn og í góðri samvinnu kennara og nemenda, verið geyminn á hið gamla og góða og fundvís á hið nýja og betra“



Á skólameistaratíð Tryggva Gíslasonar hafa risið tvö ný hús á lóð skólans. Árið 1996 var tekið í notkun nýtt kennsluhús sem nefnt var Hólar eftir hinum forna forvera MA í Hjaltadal. Árið 2003 náttu sig í fyrsta sinn nemendur á nýjum heimavistum sem reistar voru fyrir nemendur beggja framhaldsskólanna á Akureyri,- Verkmenntaskólans og MA. Bæði þessi hús hafa reynst skólanum happafengur. Með nýja kennsluhúsinu, Hólum, tókst það sem sumir töldu ógerlegt,- það er að tengja saman kennsluhúsin þrjú, Gamla skóla, Möðruvelli og Hóla í eina lifandi og samvirka heild. Ekkert gerist af sjálfu sér og allra síst þegar reist eru hús. Eitt og annað við byggingu þessara húsa varð nokkuð snúningasamt fyrir skólameistara. Fá leyfi, semja, afla fjár og annað þess háttar. Einkum kvað rammt að þessu við byggingu nýju heimavistarinnar. Einn af þeim sem þekkir vel þá sögu orðaði það sem svo að það hús hefði Tryggvi Gíslason eiginlega reist með eigin hendi.

Byggingameistarar vestur í Ameríku í byrjun 20. aldarinnar voru gjarnan spurðir hvort þeir mæltu með gasi eða rafmagn fyrir nýbyggð hús. Iðulega mæltu þeir með gasi. Þetta rafmagn væri ómerkileg dægurfluga sem hyrfi jafn skjótt og það birtist. Sennilega hefur aldrei komið fram jafn afgerandi áhrifavaldur fyrir menntun og skólalald eins og upplýsingatæknin sem svo er kölluð. Þegar upplýsingatæknin drap á dyr Menntaskólans á Akureyri var Tryggvi skólameistara eins farið og byggingameisturinum fyrir vestan haf. Hann efaðist og hélt að skólinn gæti beðið í skjóli meðan hríðin gengi yfir. Efasemdir skólameistara hurfu skjótt og í stað varfærninnar í upphafi var blásið til sóknar á öllum sviðum upplýsingatækni. Stofnuð var sérstök upplýsingatæknideild og að henni ráðið starfsfólk. Áður en 20. öldin kvaddi var Menntaskólinn á Akureyri orðinn einn þriggja íslenskra framhaldsskóla sem ætlað var að leiða þróun upplýsingatækni í skólum. „Lífið er ekki saltfiskur heldur fartölva og veraldarvefur“ heyrðist Tryggvi segja. Á kennarastofu í Gamla skóla kom sú skoðun fram í spjalli að nokkuð snarlega hefði snúist í skólameistara varðandi upplýsingatæknina.

„Það koma þær stundir í lífi skynsamra manna að þeir skipta um skoðun“ svaraði Tryggvi og bætti síðan við í annars fátíðum mæðutóni,- „það er ekki von að þið skiljið það“.

Hin opinbera mynd af Tryggva Gíslasyni skólameistara er mynd af foringja. Metnaðarfullur, duglegur og stjórnsamur. Allt eru þetta eiginleikar sem gagnast þegar veitt er forysta. Þetta þrennt dugar þó ekki eitt og sér og til er önnur mynd af Tryggva en sú opinbera. Um hana geta vitnað þeir sem best hafa kynnst honum bæði úr hópi starfsmanna skólans sem og nemendur. Þar birtist ekki stjórnsamur foringi heldur miklu frekar félagi og vinur þar sem veglyndi og drengskapur eru einkennandi. Þá er þeir fjölmargir úr sögu skólans sem átt hafa Tryggva að í mótlæti ýmiss konar. Þar hefur ekki farið stjórnsemi og valdboð heldur mildi þar sem skólameistari „þíddi allvel og eyddi, illum dróma með stilli“ svo vísað sé í einn af betri vinum Tryggva Gíslasonar.

Fyrr í þessum afmælisskrifum var látið að því liggja að oft láist þeim sem segja sögu að geta mikilvægra þátta. Einn slíkur þáttur er hið augljósa. Fólk finnst þá að eitthvað hafi verið sagt svo oft að ástæðulaust sé að nefna það sérstaklega,- og það jafnvel þó það hafi aldrei verið sagt. Veruleikinn er varðveittur í orðum. Þess vegna skal ekki undan því vikist í lok þessarar ræðu að nefna það sem augljóst er. Fáum, ef nokkrum, á Menntaskólinn á Akureyri meira að þakka en Tryggva Gíslasyni.

Héðan að norðan, frá Menntaskólanum á Akureyri, berast þeim Tryggva og Margréti kærar þakkir og góðar óskir.